

HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
118. fundur –24. september 2007

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 24. september 2007, að Garðatorgi 7, Garðabæ og hófst hann kl. 17:15. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð. Gestur Pétursson og Halla Halldórsdóttir boðuðu forföll. Í stað Höllu Halldórsdóttur mætti Margrét Halldórsdóttir.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

1 Fundargerð 117. fundar heilbrigðisnefndar frá 27. ágúst 2007

Samþykkt

2 Fundargerð 102. starfsmannafundar frá 19. september 2007

2.1 Starfsleyfi

Hafnarfjörður

2.1.1 Bæjarhraun 4, Hafnarfjörður - þvottahús og efnalaug.

Lögð fram umsókn Guðjóns Sigurðssonar, f.h. Omo ehf., kt. 660701-2229, dags. 31.08.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs þvottahúss og efnalaugar að Bæjarhrauni 4, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.1.2 Bæjarhraun 12, Hafnarfjörður - verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni.

Lögð fram umsókn Þrastar J. Sigurðssonar, f.h. Sindra-Stál hf., kt. 500377-0119, dags. 28.08.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs járnvöruverslunar með efnavöru að Bæjarhrauni 12, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.3 Melabraut 13-15, Hafnarfjörður - viðgerðaraðstaða.

Lögð fram umsókn Sigþórs Sigurðssonar, f.h. Hlaðbæjar Colas hf., kt. 420187-1499, dags. 29.08.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs viðgerðaraðstöðu að Melabraut 13-15, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.4 Hjallahrauni 2, Hafnarfjörður - verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni.

Lögð fram umsókn Helga Gústafssonar, f.h. Ferro Zink hf., kt. 521191-1129, dags. 31.08.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs járnvöruverslunar með efnavöru að Hjallahrauni 2, Hafnarfirði. Húshluti, 03 0101 og 04 0101. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.5 Reykjavíkurvegur 68, Hafnarfjörður - verslun með matvæli.

Lögð fram umsókn Esterar Ýr Svansdóttur, f.h. Thai Dok Khoon Shop ehf., kt. 600307-0530, dags. 29.08.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verslunar með matvæli, að Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Frestað þar sem úttekt hefur ekki farið fram.

2.1.6 Strandgata 50, Hafnarfjörður - íþróttahús.

Lögð fram að nýju umsókn Daníels Hálfánarsonar, f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar, kt. 590169-7579, dags. 11.06.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs íþróttahúss að Strandgötu 50, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Lagt fram bréf frá Fasteignafélagi Hafnarfjarðar, mótttekið dags. 10.09.2007.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Kópavogur

2.1.7 Bakkabraut 6, Kópavogur - kjötvinnsla.

Lögð fram umsókn Karls Þórs Baldvinssonar, f.h. Skutuls hf., kt. 590698-2539, dags. 07.09.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kjötvinnslu að Bakkabraut 6, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 1. árs, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.8 Engihjalli 8, Kópavogur - tónlistarskóli.

Lögð fram að umsókn Seksan Khamphuang, f.h. Rauða Riddarans ehf., kt. 560806-0860, dags. 21.08.2007, þar sem sótt er um leyfi reksturs tónlistarskóla að Engihjalla 8, Kópavogi. Húshluti 0105. Ný starfsemi.

Frestað og óskað teikningar af húsnæðinu.

2.1.9 Hamraborg 4, Kópavogi - listasafn og veitingastaður.

Lögð fram umsókn Guðbjargar Kristjánsdóttur, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 18.09.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs listasafns (samkomuhús) og veitingastaðar í Listasafni Kópavogs, Hamraborg 4, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.10 Hamraborg 11, Kópavogi - veitingahús og skemmtistaður.

Lögð fram umsókn Sigríðar Samsonardóttur, f.h. Catalinu ehf., kt. 460598-3709, dags. 24.09.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitinga- og skemmtistaðar að Hamraborg 11, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.11 Hafnarbraut 4, Kópavogur - verslun með vörur sem innihalda hættuleg efni og eiturefni.

Lögð fram að umsókn Bjarna Guðmundssonar, f.h. AL X ehf., kt. 451006-0450, dags. 13.09.2007, þar sem sótt er um leyfi reksturs verslunar með vörur sem innihalda hættuleg efni og að Hafnarbraut 4, Kópavogi. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.1.12 Hlíðasmári 11, Kópavogur - líkamsrækt.

Lögð fram að umsókn Jakobínu Flosadóttur, f.h. Kostakvenna ehf., kt. 600505-1300, dags. 20.07.2007, þar sem sótt er um leyfi reksturs líkamsræktar að Hlíðasmára 11, Kópavogi. Húshluti 02-03. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða.

2.1.13 Kópavogsbraut 1 og 2, Kópavogur - niðurrif á húsnæði.

Lögð fram umsókn Þorkötu Ragnarsdóttur, f.h. SR Verktaka ehf., kt. 460695-2449, dags. 28.08.2007, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á Kópavogsbraut 1 og 2, (lóð Kópavogshælis) Kópavogi. Tímabundin starfsemi.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er staðfest samþykkt starfsleyfis. Leyfið gildir frá 28.08.2007-15.10.2007.

2.1.14 Nýbýlavegur 26, Kópavogur - prentiðnaður.

Lögð fram umsókn Gunnars Ólafs Einarssonar, kt. 101066-4019, dags. 13.09.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs prentsmiðju að Nýbýlavegi 26, Kópavogi. Endurnýjun.
Frestað og óskað upplýsinga um mengunarvarnir.

2.1.15 Skemmuvegur 28, Kópavogur - járn- ál- og stálsmiðju.

Lögð fram umsókn Sigurðar Ragnarssonar, f.h. ISA stáls ehf., kt. 690807-2030, dags. 12.09.2007, þar sem sótt er um leyfi reksturs járn- ál og stálsmiðju að Skemmuvegi 28, Kópavogi. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.1.16 Smiðjuvegur 6, Kópavogur - framleiðsla tilbúinn rétta.

Lögð fram umsókn Finns Frímans Guðrúnarsonar, kt. 280167-3989, dags. 31.08.2007, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu tilbúinna rétta að Smiðjuvegi 6, Kópavogi. Ný starfsemi.
Frestað þar sem úttekt er ekki lokið.

2.1.17 Smiðjuvegur 14, Kópavogur - krá.

Lögð fram umsókn Ásgeirs Davíðssonar, f.h. Baltik ehf., kt. 650199-2279, dags. 30.08.2007, þar sem sótt er um leyfi reksturs krár að Smiðjuvegi 14, Kópavogi. Endurnýjun.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.18 Suðurlandsvegur, Kópavogi - lager og söluaðstaða fyrir jarðefni.

Lögð fram umsókn Braga Sigurjónssonar, kt. 170636-7919, dags. 18.09.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs flokkunarvélar, lagers- og söluaðstöðu fyrir jarðefni að Geirlandi við Suðurlandsveg, Kópavogi. Endurnýjun.
Fyrir liggur bréf dags 22.08.2007 þar sem kvartað er yfir ónæði frá starfseminni.
Frestað og óskað gagna varðandi skipulags- og byggingamál.

2.1.19 Vallakór 14, Kópavogur - líkamsræktarstöð.

Lögð fram að umsókn Önnu Borgar, f.h. Olympus sport ehf., kt. 660706-0460, dags. 07.09.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs líkamsræktarstöðvar. Baðaðstaða er hjá knattúsinu að Vallakór 14, Kópavogi. Húshluti, suðausturendi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.1.20 Vallakór 14, Kópavogur - íþróttahús

Lögð fram að umsókn Jóns Júlíussonar, f.h. Knattspyrnu akademíu Ísl ehf. 500205-1130, dags. 11.09.2007, þar sem sótt er um leyfi til reksturs íþróttahúss að Vallakór 14, Kópavogi. Ný starfsemi.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 1 árs, með fyrirvara um að innra eftirliti verði komið á innan 2 mánaða og með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

2.2 Umsagnir.

Garðabær

2.2.1 Vífilstaðavegur, Garðabær - rekstrarleyfi – breyting á ábyrgðarmanni.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 06.09.2007 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hilmaris Þórs Pálssonar, um rekstrarleyfi fyrir Golfklúbb Garðabæjar, Vífilstaðavegi, Garðabæ. Rekstraraðili er Krydd í tilveruna ehf., kt. 590405-1750, Sótt er um leyfi fyrir veitingastað í flokki II.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 07.05.2007 að veita Kryddi í tilveruna ehf., kt. 590405-1750 starfsleyfi til reksturs matsölustaðar í húsnæði Golfklúbbs Garðabæjar, Vífilstaðavegi, Garðabæ. Leyfið var gefið út með vísun til ákvæða laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og laga um matvæli nr. 93/1995. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi til reksturs veitingastaðar samkvæmt II. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndar áhrifa er að ólíklegt verði að teljast að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir veitingahús.”

Hafnarfjörður

2.2.2 Ásvellir, Hafnarfjörður - tækifærisleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 03.09.2007 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Bjarna H. Geirssonar, f.h., Knattspyrnufélagsins Hauka, um tækifærisleyfi og tímabundið áfengisleyfi, vegna tónleika með dansleik, sem fyrirhugað er að halda 29.09.2007 í íþróttamiðstöðinni Ásvöllum, kt. 600169-0419. Óskað er eftir leyfi fyrir 1000 manns.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti, 31.10.2005 að veita íþróttamiðstöðinni Ásvöllum, kt. 600169-0419, starfsleyfi til reksturs íþróttahúss að Ásvöllum, Hafnarfirði, þar sem fyrirhuguð skemmtun á að fara fram. Leyfið var gefið út með vísun til ákvæða laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um tækifærisleyfi. Mat m.t.t. grenndar áhrifa er að ólíklegt verði að teljast að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu tækifærisleyfis.”

2.2.3 Flatahraun, Hafnarfjörður - tækifærisleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 17.09.2007 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Péturs Ó. Stephensen, f.h., Knattspyrnudeildar FH, kt. 410687-1359, um tækifærisleyfi, fyrir íþróttahúsið Kaplakrika, kt. 540169-2769, vegna uppskeruhátíðar sem fyrirhugað er að halda 6. október n.k. Óskað er eftir leyfi fyrir 2.200 manns. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um tækifærisleyfi og áfengisleyfi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 12.05.2003 að veita íþróttahúsinu Kaplakrika, kt. 540169-2769, starfsleyfi til reksturs íþróttahúss, þar sem fyrirhuguð skemmtun á að fara fram. Leyfið var gefið út með vísun til ákvæða laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Mat m.t.t. grenndar áhrifa er að ólíklegt verði að teljast að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu tækifærisleyfis.”

2.2.4 Eyrartröð 3, Hafnarfjörður - rekstrarleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 05.07.2007 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ásgeirs Erlingssonar, um rekstrarleyfi fyrir veislubjónustuna, Veislur og Vín ehf., Eyrartröð 3, Hafnarfirði.

Rekstraraðili er Veislur og Vín ehf., kt. 640402-5710

Sótt er um leyfi fyrir veitingastað í flokki I.

Frestað þar sem starfsleyfi liggur ekki fyrir.

2.2.5 Flatahraun 5a, Hafnarfjörður - veitingaleyfi.

Lagt fram að nýju bréf sýslumannsins í Hafnarfirði, dags. 15.05.2007 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Jóhanns Sveinssonar, um veitingaleyfi fyrir Fjöreggið, Flatahrauni 5a, var áður Bæjarvídeó.

Rekstraraðili er Fjöreggið ehf., kt. 640904-2670.

Lögð fram afrit af bréfum heilbrigðiseftirlitsins frá 27.06.2007 og 31.05.2007.

Heilbrigðisnefnd samþykkti á fundi sínum 26.06.2006 starfsleyfi til Alvers ehf. kt. 640904 2670, til reksturs veitingastaðar að Flatahrauni 5, Hafnarfirði. Leyfið var gefið út með vísun til ákvæða laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og laga um matvæli nr. 93/1995.

Eftirfarandi bókun var gerð:

Mælt gegn veitingu leyfis að óbreyttum aðstæðum þar sem skilyrðum starfsleyfis og reglugerðar matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla nr. 522/1994, með síðari breytingum hefur ekki verið fullnægt.

Kópavogur

2.2.6 Engihjalli 8, Kópavogur - rekstrarleyfi.

Lagt fram að nýju bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 04.07.2007 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kristins Magnússonar, f.h. Sorada ehf., kt. 610307-1320 um rekstrarleyfi fyrir veitingastaðinn Hercules, Engihjalla 8, Kópavogi.

Starfsleyfi samþykkt 07.05.2007.

Sótt er um leyfi fyrir veitingastað í flokki III.

Mælt gegn veitingu leyfis að óbreyttum aðstæðum. Starfsleyfi hefur ekki verið gefið út, vegna þess að skilyrðum hefur ekki verið fullnægt.

2.2.7 Hamraborg 4, Kópavogur, rekstrarleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 19.09.2007 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Guðbjargar Kristjánsdóttur, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169 3757 um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í Listasafni Kópavogs/Gerðarsafni, Hamraborg 4, Kópavogi.

Sótt er um leyfi fyrir veitingastað í flokki II.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 24.09.2007 að veita Kópavogsbæ, kt. 700169-3759, starfsleyfi til reksturs samkomuhúss og veitingasstofu í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni, Hamraborg 4, Kópavogi. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi til reksturs veitingastaðar samkvæmt II. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndar áhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemin gæti valdið ónæði nágrenninu.

Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir kaffihús.”

2.2.8 Hamraborg 11, Kópavogur - rekstrarleyfi.

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 30.08.2007 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sigríðar Samsonardóttur, f.h. Catalinu ehf., kt. 460598-3709 um rekstrarleyfi fyrir veitingastaðinn, Café Catalinu, Hamraborg 11, Kópavogi. Sótt er um leyfi fyrir veitingastað í flokki III.

Eftirfarandi samþykkt var gerð.

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 24.09.2007 að veita Catalínu ehf. kt. 460598-3709 starfsleyfi fyrir veitingahús og skemmtistað að Hamraborg 11, Kópavogi. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi til reksturs veitingastaðar samkvæmt III. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndar áhrifa er að líklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni gæti valdið ónæði í nágrenninu eftir klukkan 23:00.

Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir skemmtistað og krá.”

2.2.9 Smiðjuvegur 14, Kópavogur - rekstrarleyfi.

Lagt fram að nýju bréf sýslumannsins í Kópavogi, dags. 19.07.2007 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ásgeirs Þórs Davíðssonar, f.h. Baltik ehf., kt. 650199-2279 um rekstrarleyfi fyrir næturklúbbinn Goldfinger, Smiðjuvegi 14, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti 24.09.2007 að veita Baltik ehf., kt. 650199-2279, starfsleyfi fyrir krá. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi til reksturs veitingastaðar samkvæmt III. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndar áhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfseminni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir krá.”

3 Fjárhagsáætlun 2008

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun 2008.

Fjárhagsáætlun samþykkt og lagt til að gjaldskrá fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit verði endurskoðuð í samræmi við forsendur fjárhagsætlunar þannig að tímagjald verði kr. 7000 og kr.10 000 sýnagjald vegna rannsókna. Jafnframt breytist gjaldskrá vegna hundhalds þannig að skráningagjald verði kr. 7000, almennt eftirlitsgjald kr. 10 400 og handsömunargjald kr. 21.500. Önnur gjöld í gjaldskránum breytist á sama hátt.

4 Heilbrigðisfulltrúi - matvælaeftirlit

Tekin fyrir ráðning í stöðu heilbrigðisfulltrúa með áherslu á matvælaeftirlit. Alls bárust 9 umsóknir um starfið. Einn umsækjandi dró umsókn sína til baka. Samþykkt að Grímur Ólafsson verði ráðinn í starfið.

5 Rekstur steypustöðvar að Bakkabraut 9, Kópavogi

Lagt fram bréf Bacman & Björgvinsson málf lutningsskrifstofu, dags. 24.09.2007 um málefni Einingaverksmiðjunnar Borgar. Með bréfinu fylgir afrit af stjórnslukæru vegna ákvörðunar heilbrigðisnefndar þann 28. ágúst s.l. um að vísa frá starfsleyfisumsókn

Einingarverksmiðjunnar Borgar ehf. og afrit af bréfi Umhverfissráðuneytis frá 12. september 2007 þar sem ráðuneytið framsendir kærana til úrskurðarnefndar samkvæmt 31. gr. laga nr. 7/1998. Einnig lagt fram tölvubréf fyrirtækisins frá því í dag um þær aðgerðir sem fyrirtækið hefur þegar hafið.

Í erindi málf lutningstofunnar er óskað eftir fresti til 18. október n.k. til að taka ákvörðun um viðbrögð við ákvörðun heilbrigðisnefndar þann 28. ágúst s.l. áður en tekin er frekari ákvörðun í málinu.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Með vísun til meðalhöfsreglu samþykkir heilbrigðisnefnd að veita fyrirtækinu umbeðin frest til 18. október n.k. og þar með að fresta ákvörðun um beitingu þvingunarúrræða. Frestur er veittur í trausti þess að fyrirtækið haldi áfram að lágmarka ónæði og álag á umhverfi sem fylgir núverandi umsvifum starfseminnar við Bakkabraut og virði lóðarmörk.”

6 Önnur mál

6.1.1 Slys í sundlaug

Lagt fram bréf Ingimars Ingimarssonar hdl. frá 4. september 2007 vegna slyss í sundlaug fyrr á þessu ári og rædd svör vegna fyrirspurna í erindinu.

6.1.2 Framkvæmdastjórn um vatnsvernd

Lögð fram fundargerð 62. fundar framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu frá 24. september 2007.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:05

Birna Ólafsdóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Steingrímur Steingrímsson

Margrét Halldórsdóttir

Gestur Pétursson

Júlíus Kr. Björnsson

Sigurgeir Ólafsson